

HAGAR HF: UPPGJÖR HAGA Á 3. ÁRSFJÓRÐUNGI 2025/26

Sterkur rekstur og afkomuspá hækkuð - viðskiptaþróun styður við vöxt

Árshlutareikningur Haga hf. fyrir þriðja ársfjórðung 2025/26 var samþykktur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundum þann 15. janúar 2026. Reikningurinn er fyrir tímabilið 1. mars til 30. nóvember 2025. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess og er hann gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Reikningurinn hefur hvorki verið kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum félagsins, PricewaterhouseCoopers ehf.

Helstu lykiltölur*

- **Vörusala** 3F nam 49.068 m.kr. (12,4% vöxtur frá 3F 2024/25). Vörusala 9M nam 149.000 m.kr. (10,9% vöxtur frá 9M 2024/25). [3F 2024/25: 43.659 m.kr., 9M 2024/25: 134.305 m.kr.]
- **Framlegð** 3F nam 12.335 m.kr. (25,1%) og 36.828 m.kr. (24,7%) fyrir 9M. [3F 2024/25: 9.885 m.kr. (22,6%), 9M 2024/25: 29.596 m.kr. (22,0%)]
- **Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)** 3F nam 4.566 m.kr. eða 9,3% af veltu. EBITDA 9M nam 14.097 m.kr. eða 9,5% af veltu. [3F 2024/25: 3.653 m.kr. (8,4%), 9M 2024/25: 10.881 m.kr. (8,1%)]
- **Hagnaður** 3F nam 1.692 m.kr. eða 3,4% af veltu. Hagnaður 9M nam 5.413 m.kr. eða 3,6% af veltu. [3F 2024/25: 1.391 m.kr. (3,2%), 9M 2024/25: 3.964 m.kr. (3,0%)]
- **Heildarafkoma** 3F nam 2.264 m.kr. og 5.905 m.kr. fyrir 9M. [3F 2024/25: 1.391 m.kr., 9M 2024/25: 3.964]
- **Grunnhagnaður á hlut** 3F var 1,55 kr. og 4,94 kr. fyrir 9M. [3F 2024/25: 1,29 kr., 9M 2024/25: 3,66 kr.]. **Þynntur hagnaður á hlut** 3F var 1,29 kr. og 4,28 kr. fyrir 9M. [3F 2024/25: 1,26kr., 9M 2024/25: 3,59 kr.]
- **Eigið fé** nam 41.380 m.kr. í lok tímabils og **eiginfjárlutfall** 34,8%. [Árslok 2024/25: 38.489 m.kr. og 36,6%]
- **Afkomuspá stjórnenda** fyrir rekstrarárið 2025/26 er hækkuð samhliða uppgjörinu um 600 m.kr. og gerir ráð fyrir að EBITDA verði á bilinu 17.600-18.100 m.kr.

Helstu fréttir af starfsemi

- **Þriðji ársfjórðungur gekk vel** – góð afkoma af öllum starfspáttum.
- **Framlegðarhlutfall nam 25,1% og hækkaði** um 2,5%-stig á fjórðungnum – án áhrifa SMS nam framlegðarhlutfall 24,2%.
- **Heimsóknum viðskiptavina í dagvöruverslanir félagsins á Íslandi fjölgaði** um tæp 5% á fjórðungnum. **Seldum stykkjum fjölgaði** einnig eða um tæp 3%.
- **Seldum eldsneytislítrum fækkaði** um 10% á fjórðungnum – **ágæt sala í smásölu en samdráttur í heildarmagni** vegna minni sölu í flugvélaeldsneyti og tilfærslu milli tímabila hjá stórum viðskiptavinum.
- **Heimsóknum viðskiptavina hjá SMS** í Færeyjum fjölgaði um 2,5% á fjórðungnum.
- Um miðjan nóvember opnaði SMS **tæplega 3.000 m² verslunarkjarna í Runavík í Færeyjum** sem bætist við **safn fasteigna í eigu Haga, sem stendur nú í um 65.000 m².**
- Á fjórðungnum var lokið við undirbúning fyrir **nýtt vildarkerfi Haga, Takk**, sem gefið var út **14. janúar** – Takk mun bæta **kjör, þjónustu og upplifun** viðskiptavina.
- Hagar hafa stofnað **nýja miðlæga rekstrareiningu, Hagar Miðlar**, sem mun **nýta sterka innviði samstæðunnar til að miðla upplýsingum** frá þriðja aðila til viðskiptavina.
- **Hagkaup hóf samstarf við Wolt um pöntun og heimsendingar á matvöru** á innan við klukkustund á Reykjavíkursvæði og Akureyri.

*SMS varð hluti af samstæðu Haga á 4. ársfjórðungi 2024/25 og gættir áhrifa þeirra því ekki í samanburðartölum fyrra árs.

Finnur Oddsson, forstjóri:

Starfsemi Haga gengur vel á öllum sviðum, eins og endurspeglast í niðurstöðum þriðja ársfjórðungs rekstrarársins 2025/26 sem voru heldur umfram áætlanir. Vörusala samstæðu nam 49,1 ma. kr. og jókst um 12,4% og afkoma styrktist á fjórðungnum; EBITDA nam 4.566 m.kr. og hagnaður 1.692 m.kr., sem er nokkur aukning frá fyrra ári. Samanburður milli tímabila litast af því að SMS í Færeyjum er nú hluti af samstæðu Haga en var ekki á fyrra ári.

Tekjur af verslunum og vöruhúsum á Íslandi voru ríflega 33,7 ma. kr., sem er tæplega 8% aukning í samanburði við fyrra ár, og EBITDA nam um 3 ma. kr. og styrktist sömuleiðis. Viðskiptavinum dagvöruverslana og seldum stykkjum hélt áfram að fjölga. Bónus er að þessu leyti fremst í flokki, með kröftuga söluaukningu sem knúin er af fyrrgreindri fjölgun seldra stykkja og viðskiptavina, sem sækja í hagkvæm og þægileg matvörukaup og aukið úrval af ávöxtum, grænmeti, heilsuvöru og tilbúnum og tímasparandi réttum. Verslunum Bónus sem bjóða upp á Gripið & Greitt sjálfskönnun fjölgar og „Ódýrast vikunnar í Bónus“ stækkar áfram og sparar viðskiptavinum tugi milljóna á mánuði. Sem fyrr er mikil áhersla á að halda aftur af verðhækkunum en um helmingur vöruvals í verslunum hefur staðið í stað eða lækkað í verði frá sama tíma í fyrra. Hjá Hagkaup jukust umsvif sömuleiðis, en fjórðungurinn er jafnan annasamur enda nóvember orðinn einn stærsti verslunarmánuður ársins. Þemadagar, m.a. tengdir heilsu og ítalskri matargerð, voru vel sóttir og netverslun er áfram í mikilli aukningu, einkum í nóvember með fjölda tilboðsdaða. Ný þjónusta Hagkaups í samstarfi við Wolt hefur fengið góðar viðtökur, en þar fá viðskiptavinir aðgang að miklu vöruúrvali Hagkaups í netverslun, sent heim innan klukkustundar. Rekstur Aðfanga og Banana gekk vel, í samræmi við aukin umsvif, og sömuleiðis Zara, Eldum rétt og Stórkaup.

Rekstur Olís gekk vel, þrátt fyrir að tekjur, sem námu 11,8 ma. kr., hafi dregist saman. Seldum lítrum til stórnotenda fækkaði, einkum vegna minni sölu flugvélaeldsneytis og tilfærslu magns á milli tímabila. Afkoma Olís var svipuð og á fyrra ári, en sterkan rekstur má sem fyrr rekja til hagræðingar í rekstri á síðustu misserum og aukinnar almennrar vörusölu, veitinga og nýrra þjónustupátta á borð við heimsendingar með Wolt og vel sótttra bílapvottastöðva Glans, en ný slík stöð opnaði í Bæjarlind í Kópavogi í desember.

Starfsemi SMS í Færeyjum gengur vel og er afkoma lítillega umfram áætlanir. Nýr verslunarkjarni SMS var opnaður í nóvember þar sem félagið rekur tvær verslanir og veitingastað og leigir auk þess aðstöðu til þriðja aðila. Fasteignin, sem er í Runavík, bætist við fasteignasafn Haga sem nemur nú um 65.000 m². Tekjur SMS á fjórðungnum námu ríflega 3,7 ma. kr. og eru horfur í rekstri almennt góðar.

Á síðustu misserum hefur verið lagður bæði tækni- og þekkingarlegur grunnur til að byggja nýjar lausnir sem að efla þjónustu við viðskiptavini og/eða skapa nýjar tekjustoðir í starfsemi Haga. Meðal þessara verkefna er vildarkerfi Haga sem formlega var ýtt af stokkunum þann 14. janúar undir merkjum Takk. Takk er vildarkerfi í nýju appi, sem býður vildarviðskiptavinum upp á betri kjör, áhugaverð fríðindi og nýja þjónustu. Viðskiptavinir ávinna sér Takk krónur þegar þeir versla valdar vörur hjá Bónus, Hagkaup og Eldum rétt og geta nýtt þær aftur í verslunum Bónus og Hagkaups um allt land. Að auki veitir Takk appið aðgang að fjölbreyttum viðburðum, leikjum, nýrri þjónustu og áhugaverðum tilboðum hjá samstarfsaðilum eins og Glans, Grill 66 og Lemon. Í framhaldi verður Takk nýtt til að byggja á enn frekari þjónustu fyrir viðskiptavini Haga.

Sem hluti af viðskiptapróun innan samstæðunnar hefur ný rekstrareining verið stofnuð, Hagar Miðlar, en einingin hefur það hlutverk að nýta fjölbreytta innviði félagsins til að miðla auglýsingum, upplýsingum og skemmtilegu efni frá þriðja aðila til viðskiptavina félagsins, bæði í verslunum og í netheimum. Um er að ræða nýjan rekstur hjá Högum en samskonar starfsemi hefur verið í miklum vexti í smásölu á alþjóðavísu, enda er miðlun efnis á sölustað bæði markvissari og áhrifaríkari en í hefðbundnum auglýsingamiðlum. Með Hagar Miðlar verður til nýr tekjustraumur byggður á vannýttum innviðum Haga, en samhliða því er þjónusta við viðskiptavini aukin með markvissri upplýsingamiðlun og bættri upplifun.

Framkvæmdir eru hafnar við standsetningu á aðstöðu fyrir Eldum rétt og Ferskar kjötvörur að Álfabakka 2 og er áætlað að starfsemi verði flutt þangað á haustmánuðum 2026. Ný aðstaða býður upp á aukið hagræði í framleiðsluferlum og fjölbreytt tækifæri til útvíkkunar á vöruframboði félaganna.

Starfsemi Haga gengur vel og við erum ánægð með bæði rekstur og nýjar áherslur sem eru vísir að framtíðar tekjustraumum. Sem fyrr er það frábær hópur starfsfólks Haga og dótturfélaga sem á heiðurinn af góðum árangri og núverandi stöðu félagsins, sterkum fjárhag og því að afkoma af rekstri helstu eininga er heldur umfram áætlanir. Vegna þessa og í framhaldi af kröftugri verslun í desember mánuði hefur spá um rekstrarniðurstöðu verið uppfærð og er gert ráð fyrir að EBITDA ársins verði á bilinu 17.600 – 18.100 m.kr. Horfur í rekstri Haga eru góðar.

Rekstrarreikningur samstæðunnar og starfspáttayfirlit

í millj. kr.	3F 2025/26 01.09.-30.11	3F 2024/25 01.09.-30.11	Breyting	Breyting %	9M 2025/26 01.03.-30.11	9M 2024/25 01.03.-30.11	Breyting	Breyting %
Vörusala	49.068	43.659	5.409	12,4%	149.000	134.305	14.695	10,9%
Kostnaðarverð seldra vara	(36.733)	(33.774)	(2.959)	8,8%	(112.172)	(104.709)	(7.463)	7,1%
Framlegð	12.335	9.885	2.450	24,8%	36.828	29.596	7.232	24,4%
Framlegð %	25,1%	22,6%	-	2,5%	24,7%	22,0%	-	2,7%
Aðrar rekstrartekjur	255	341	(86)	-25,2%	968	604	364	60,3%
Laun og launatengd gjöld	(5.528)	(4.444)	(1.084)	24,4%	(16.156)	(13.069)	(3.087)	23,6%
Annar rekstrarkostnaður	(2.496)	(2.129)	(367)	17,2%	(7.543)	(6.250)	(1.293)	20,7%
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	4.566	3.653	913	25,0%	14.097	10.881	3.216	29,6%
EBITDA %	9,3%	8,4%	-	0,9%	9,5%	8,1%	-	1,4%
Afskriftir	(1.612)	(1.283)	(329)	25,6%	(4.614)	(3.895)	(719)	18,5%
Matsbreyting fjárfestingarfasteigna	76	--	76	-	(221)	--	(221)	-
Rekstrarhagnaður (EBIT)	3.030	2.370	660	27,8%	9.262	6.986	2.276	32,6%
Hrein fjármagnsgjöld	(978)	(658)	(320)	48,6%	(2.771)	(2.193)	(578)	26,4%
Áhrif hlutdeildarféлага	53	40	13	32,5%	250	192	58	30,2%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	2.105	1.752	353	20,1%	6.741	4.985	1.756	35,2%
Tekjuskattur	(413)	(361)	(52)	14,4%	(1.328)	(1.021)	(307)	30,1%
Hagnaður tímabilsins	1.692	1.391	301	21,6%	5.413	3.964	1.449	36,6%
Önnur heildarafkoma samtals	572	--	572	-	492	--	492	-
Heildarafkoma samtals	2.264	1.391	873	62,8%	5.905	3.964	1.941	49,0%

Lykiltölur á 3. ársfjórðungi 2025/26

Vörusala á 3F nam 49.068 m.kr. og jókst um 12,4% milli ára (3,8% án SMS). Söluaukning verslana og vöruhúsa á Íslandi nam 7,6% en 5,5% samdráttur var í sölu hjá Olís milli ára.

Á 3F fjölgaði heimsóknum viðskiptavina í dagvöruverslunum (á Íslandi) um tæp 5% milli ára og seldum stykkjum fjölgaði um tæp 3%. Seldum eldsneytislítrum fækkaði um 10%, m.a. vegna minni sölu flugvélaeldsneytis og tilfærslu magns á milli tímabila. Heimsóknum viðskiptavina hjá SMS fjölgaði um 2,5% á 3F.

Framlegð á 3F nam 12.335 m.kr. og jókst um 24,8% milli ára (11,0% án SMS) og framlegðarhlutfall nam 25,1% (24,2% án SMS) - auk áhrifa af SMS styrkist framlegðarhlutfall bæði í dagvöru- og eldsneytishluta samstæðunnar.

Rekstrarkostnaður samtals hækkar um 22,1% milli ára sem skýrist að stærstum hluta af áhrifum SMS (7,6% án SMS). Launa- og kostnaðarhlutfall á 3F hækkar úr 15,1% í 16,4%.

EBITDA 3F nam 4.566 m.kr. og jókst um 25,0% milli ára (11,9% án SMS). EBITDA jókst um 20,3% hjá verslunum og vöruhúsum á Íslandi en dróst saman um 5,7% hjá starfspætti Olís, að öllu leyti vegna einskiptistekna á fyrra ári. EBITDA starfspáttar SMS í Færeyjum nam 478 m.kr.

Hagnaður 3F nam 1.692 m.kr. í samanburði við 1.391 m.kr. á fyrra ári sem er 21,6% hækkun. Önnur heildarafkoma á 3F nam 572 m.kr. en þar af var endurmat fasteigna, sem fært er beint á eigið fé, 298 m.kr. og þýðingarmunur var jákvæður um 274 m.kr. Heildarafkoma samtals nam 2.264 m.kr.

Rekstur á fyrstu 9M 2025/26

Vörusala 9M nam 149.000 m.kr., samanborið við 134.305 m.kr. árið áður eða 10,9% söluaukning (2,6% án SMS). Söluaukning verslana og vöruhúsa á Íslandi nam 7,1% en samdráttur var í sölu hjá Olís sem nam 7,7%.

Framlegð 9M nam 36.828 m.kr. og jókst hún um 24,4% milli ára. Framlegðarhlutfall nam 24,7% og hækkaði um 2,7%-stig frá fyrra ári. Hækkun framlegðarhlutfalls má rekja til áhrifa af viðbót SMS í samstæðuna auk hækkunar hjá Olís, m.a. vegna breytinga á heismarkaðsverði olíu.

Heildarrekstrarkostnaður hækkar um 22,7% milli ára en hækkun án áhrifa SMS nemur 7,4%. Launa- og kostnaðarhlutfall hækkar úr 14,4% í 15,9% á tímabilinu.

EBITDA nam 14.097 m.kr. og jókst um 29,6% (14,9% án SMS). EBITDA jókst um 11,7% hjá verslunum og vöruhúsum á Íslandi og um 23,1% hjá starfspætti Olís. EBITDA starfspáttar SMS í Færeyjum nam 1.599 m.kr.

Afskriftir námu 4.614 m.kr. og hækkuðu um 18,5% milli ára. Matsbreyting fjárfestingarfasteigna var neikvæð um 221 m.kr. og hrein fjármagnsgjöld námu 2.771 m.kr. og hækkuðu um 26,4% frá fyrra ári.

Hagnaður tímabilsins nam 5.413 m.kr. eða 3,6% af veltu. Hagnaður fyrra árs nam 3.964 m.kr. eða 3,0% af veltu. Önnur heildarafkoma nam 492 m.kr. en þar af var endurmat fasteigna, sem fært er beint á eigið fé, 366 m.kr. og þýðingarmunur var jákvæður um 126 m.kr. Heildarafkoma samtals nam 5.905 m.kr.

Starfspáttayfirlit samstæðunnar á 3. ársfjórðungi og fyrstu 9M 2025/26

Samstæða Haga samanstendur af þremur starfspáttum. Þeir eru verslanir og vöruhús á Íslandi, verslanir og vöruhús í Færeyjum og starfsemi Olís.

3F 2025/26 í millj. kr.	Verslanir og vöruhús Ísland	Olís	Verslanir og vöruhús Færeyjar	Jöfnunar- færslur	Samtals
Vörusala	33.729	11.808	3.749	(218)	49.068
Aðrar rekstrartekjur	187	72	72	(76)	255
Heildartekjur starfspáttá	33.916	11.880	3.821	(294)	49.323
Heildarrestrargjöld starfspáttá	(30.944)	(10.764)	(3.343)	294	(44.757)
EBITDA starfspáttá	2.972	1.116	478	--	4.566
Afskriftir starfspáttá	(1.122)	(291)	(199)	--	(1.612)
Matsbreyting starfspáttá	132	6	(62)	--	76
Áhrif hlutdeildarféлага	3	50	--	--	53
Rekstrarafkoma starfspáttá	1.985	881	217	--	3.083
Hrein fjármagnsgjöld	(778)	(97)	(103)	--	(978)
Tekjuskattur					(413)
Hagnaður tímabilsins					1.692

9M 2025/24 í millj. kr.	Verslanir og vöruhús Ísland	Olís	Verslanir og vöruhús Færeyjar	Jöfnunar- færslur	Samtals
Vörusala	101.385	37.162	11.176	(723)	149.000
Aðrar rekstrartekjur	562	160	472	(226)	968
Heildartekjur starfspáttá	101.947	37.322	11.648	(949)	149.968
Heildarrestrargjöld starfspáttá	(93.130)	(33.641)	(10.049)	949	(135.871)
EBITDA starfspáttá	8.817	3.681	1.599	--	14.097
Afskriftir starfspáttá	(3.239)	(848)	(527)	--	(4.614)
Matsbreyting starfspáttá	74	(5)	(290)	--	(221)
Áhrif hlutdeildarféлага	31	219	--	--	250
Rekstrarafkoma starfspáttá	5.683	3.047	782	--	9.512
Hrein fjármagnsgjöld	(2.022)	(425)	(324)	--	(2.771)
Tekjuskattur					(1.328)
Hagnaður tímabilsins					5.413

3F 2024/25 í millj. kr.	Verslanir og vöruhús Ísland	Olís	Verslanir og vöruhús Færeyjar	Jöfnunar- færslur	Samtals
Vörusala	31.358	12.489	--	(188)	43.659
Aðrar rekstrartekjur	186	218	--	(63)	341
Heildartekjur starfspáttá	31.544	12.707	--	(251)	44.000
Heildarrestrargjöld starfspáttá	(29.074)	(11.524)	--	251	(40.347)
EBITDA starfspáttá	2.470	1.183	--	--	3.653
Afskriftir starfspáttá	(970)	(313)	--	--	(1.283)
Matsbreyting starfspáttá	--	--	--	--	--
Áhrif hlutdeildarféлага	(3)	43	--	--	40
Rekstrarafkoma starfspáttá	1.497	913	--	--	2.410
Hrein fjármagnsgjöld	(494)	(164)	--	--	(658)
Tekjuskattur					(361)
Hagnaður tímabilsins					1.391

9M 2024/25 í millj. kr.	Verslanir og vöruhús Ísland	Olís	Verslanir og vöruhús Færeyjar	Jöfnunar- færslur	Samtals
Vörusala	94.682	40.266	--	(643)	134.305
Aðrar rekstrartekjur	549	265	--	(210)	604
Heildartekjur starfspáttá	95.231	40.531	--	(853)	134.909
Heildarrestrargjöld starfspáttá	(87.340)	(37.541)	--	853	(124.028)
EBITDA starfspáttá	7.891	2.990	--	--	10.881
Afskriftir starfspáttá	(2.989)	(906)	--	--	(3.895)
Matsbreyting starfspáttá	--	--	--	--	--
Áhrif hlutdeildarféлага	39	153	--	--	192
Rekstrarafkoma starfspáttá	4.941	2.237	--	--	7.178
Hrein fjármagnsgjöld	(1.780)	(413)	--	--	(2.193)
Tekjuskattur					(1.021)
Hagnaður tímabilsins					3.964

Breyting 3F milli ára %	Verslanir og vöruhús Ísland	Olís	Verslanir og vöruhús Færeyjar	Jöfnunar- færslur	Samtals
Vörusala	7,6%	-5,5%	-	16,0%	12,4%
Aðrar rekstrartekjur	0,5%	-67,0%	-	20,6%	-25,2%
Heildartekjur starfspáttá	7,5%	-6,5%	-	17,1%	12,1%
Heildarrestrargjöld starfspáttá	6,4%	-6,6%	-	17,1%	10,9%
EBITDA starfspáttá	20,3%	-5,7%	-	-	25,0%
Afskriftir starfspáttá	15,7%	-7,0%	-	-	25,6%
Matsbreyting starfspáttá	-	-	-	-	-
Áhrif hlutdeildarféлага	-200,0%	16,3%	-	-	32,5%
Rekstrarafkoma starfspáttá	32,6%	-3,5%	-	-	27,9%
Hrein fjármagnsgjöld	57,5%	-40,9%	-	-	48,6%
Tekjuskattur					14,4%
Hagnaður tímabilsins					21,6%

Breyting 9M milli ára %	Verslanir og vöruhús Ísland	Olís	Verslanir og vöruhús Færeyjar	Jöfnunar- færslur	Samtals
Vörusala	7,1%	-7,7%	-	12,4%	10,9%
Aðrar rekstrartekjur	2,4%	-39,6%	-	7,6%	60,3%
Heildartekjur starfspáttá	7,1%	-7,9%	-	11,3%	11,2%
Heildarrestrargjöld starfspáttá	6,6%	-10,4%	-	11,3%	9,5%
EBITDA starfspáttá	11,7%	23,1%	-	-	29,6%
Afskriftir starfspáttá	8,4%	-6,4%	-	-	18,5%
Matsbreyting starfspáttá	-	-	-	-	-
Áhrif hlutdeildarféлага	-20,5%	43,1%	-	-	30,2%
Rekstrarafkoma starfspáttá	15,0%	36,2%	-	-	32,5%
Hrein fjármagnsgjöld	13,6%	2,9%	-	-	26,4%
Tekjuskattur					30,1%
Hagnaður tímabilsins					36,6%

Starfsemi verslana og vöruhúsa, bæði á Íslandi og í Færeyjum, er að stærstum hluta í smásölurekstri dagvöru. Starfsemi Olís er að stærstum hluta í sölu eldsneytis og þjónustu sem því tengist, auk sölu skyndibita og ýmissa nauðsynjavara. Olís rekur þjónustustöðvar víðsvegar um landið undir vörumerki Olís en rekur auk þess fjöldann allan af ÓB sjálfsafgreiðslustöðvum og nokkrar snertilausar bílaþvottastöðvar undir heitinu Glans.

Starfspáttur verslana og vöruhúsa á Íslandi felur í sér starfsemi Bónus, Hagkaups, Aðfanga, Banana, Stórkaups, Noron og Eldum rétt. Starfsemi Haga Wine B.V. í Hollandi fellur einnig hér undir en vegna smæðar starfseminnar og einkenna hennar er ekki um sérstakan starfspátt að ræða, þrátt fyrir annað landsvæði.

Starfspáttur verslana og vöruhúsa í Færeyjum inniheldur alla starfsemi SMS samstæðunnar sem einkum samanstendur af rekstri dagvöruverslana Bónus, Miklagarður og Mylnan en einnig rekstri veitingastaða, sérvöruverslana, kjötvinnslu, brauð- og kökugerðar sem og rekstri fasteigna.

Efnahagsreikningur samstæðunnar

í millj. kr.	30.11.2025	28.02.2025	Breyting	Breyting %
Eignir				
Fastafjármunir	89.243	81.876	7.367	9,0%
Veltufjármunir	29.543	23.160	6.383	27,6%
Eignir samtals	118.786	105.036	13.750	13,1%
Eigið fé og skuldir				
Hlutafé	1.093	1.098	(5)	-0,5%
Annað eigið fé	40.315	37.423	2.892	7,7%
Eigið fé hluthafa móðurfélags	41.408	38.521	2.887	7,5%
Hlutdeild minnihluta	(28)	(32)	4	-12,5%
Eigið fé samtals	41.380	38.489	2.891	7,5%
Langtímaskuldir	40.756	36.967	3.789	10,2%
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	9.206	6.278	2.928	46,6%
Aðrar skammtímaskuldir	27.444	23.303	4.141	17,8%
Skuldir samtals	77.406	66.547	10.859	16,3%
Eigið fé og skuldir samtals	118.786	105.036	13.750	13,1%

Lykiltölur efnahags 30.11.2025

- Heildareignir samstæðunnar í lok þriðja ársfjórðungs námu 118.786 m.kr. og hækkuðu um 13.750 m.kr. frá árslokum 2024/25 eða um 13,1%.
- Fastafjármunir námu 89.243 m.kr. og hækkuðu um 7.367 m.kr. frá árslokum 2024/25, þar af hækkuðu leigugæðir um 5.630 m.kr. á tímabilinu vegna nýs leigusamnings við Álfabakka 2 auk framlengdra leigusamninga hjá Bónus og Hagkaup.
- Veltufjármunir námu 29.543 m.kr. og hækkuðu um 6.383 m.kr. frá árslokum 2024/25 en þar af hefur handbært fé hækkað um 3.827 m.kr. á tímabilinu.
- Vörubirgðir námu 15.193 m.kr. í lok tímabils og hækkuðu um 1.219 m.kr. á tímabilinu. Veltuhraði birgða í lok nóvember var 10,2 til samanburðar við 10,5 á fyrra ári og 10,3 í árslok 2024/25. Innheimtutími viðskiptakrafna var 11,6 dagar til samanburðar við 12,3 daga á fyrra ári, en innheimtutími var 10,2 dagar í lok árs 2024/25.
- Veltufjárhlutfall nam 0,81 í lok nóvember, í samanburði við 1,01 í fyrra. Aðgangur að skammtímafjármögnun í formi lánalína að upphæð 3,0 ma. kr. hjá viðskiptabanka er tryggður, auk þess sem félagið fjármagnar sig til skamms tíma með útgáfu víxla.
- Eigið fé í lok tímabils nam 41.380 m.kr. og eiginfjárhlutfall var 34,8%. Eiginfjárhlutfall var 36,6% í árslok 2024/25. Arðsemi eigin fjár var 28,6% til samanburðar við 19,1% í fyrra. Félagið átti eigin bréf að nafnverði 13,8 milljónir í lok tímabils.
- Heildarskuldir samstæðunnar í lok tímabils námu 77.406 m.kr. og hækkuðu um 10.859 m.kr. frá lokum síðasta árs, þar af 5.766 m.kr. vegna leiguskulda.
- Vaxtaberandi skuldir námu 23.773 m.kr. og leiguskuldir 25.343 m.kr. Nettó vaxtaberandi skuldir, með leiguskuldum, í lok tímabils voru 42.990 m.kr. eða 2,4 x 12 mánaða EBITDA.
- Vaxtaberandi skammtímaskuldir námu 9.206 m.kr. en þar af námu víxilskuldir 1.160 m.kr. og skammtímafjármögnun í dönskum krónum vegna kaupa félagsins á SMS nam 3.969 m.kr.

Sjóðstreymisýfirlit samstæðunnar

í millj. kr.	3F 2025/26 01.09.-30.11	3F 2024/25 01.09.-30.11	Breyting	Breyting %	9M 2025/26 01.03.-30.11	9M 2024/25 01.03.-30.11	Breyting	Breyting %
Handbært fé frá rekstri	3.241	2.695	546	20,3%	12.422	8.252	4.170	50,5%
Fjárfestingarhreyfingar	(1.610)	(6.058)	4.448	-73,4%	(3.709)	(7.157)	3.448	-48,2%
Fjármögnunarhreyfingar	(437)	1.913	(2.350)	-122,8%	(4.902)	(1.388)	(3.514)	253,2%
Hækkun á handbæru fé	1.194	(1.450)	2.644	-182,3%	3.811	(293)	4.104	-1400,7%
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	28	--	28	-	16	--	16	-
Handbært fé í byrjun tímabils	4.904	2.984	1.920	64,3%	2.299	1.827	472	25,8%
Handbært fé í lok tímabils	6.126	1.534	4.592	299,3%	6.126	1.534	4.592	299,3%

Sjóðstreymi á fyrstu 9M 2025/26

- Handbært fé frá rekstri nam 12.422 m.kr. á fyrstu 9 mánuðum rekstrarársins, samanborið við 8.252 m.kr. á fyrra ári.
- Fjárfestingarhreyfingar tímabilsins námu 3.709 m.kr., samanborið við 7.157 m.kr. á fyrra ári. Fjárfestingar í rekstrarfjármunum eru einkum vegna umbóta í nokkrum verslunum Bónus og Hagkaups, nýrra þvottastöðva Glans hjá Olís og tveggja nýrra ÓB stöðva. Hjá SMS í Færeyyjum var fjárfest í fasteign í Runavík og endurbótum og uppsetningu verslana í rýminu. Fjárfestingar í óefnislegum eignum, þ.e. hugbúnaði og öðrum stafrænum lausnum, nam 821 m.kr. á tímabilinu. Á fyrra ári komu fram áhrif af fjárfestingu félagsins í SMS í Færeyyjum að fjárhæð 5.191 m.kr.
- Fjármögnunarhreyfingar tímabilsins voru 4.902 m.kr., samanborið við 1.388 m.kr. á fyrra ári. Fjárhæð endurkaupa eigin bréfa nam 603 m.kr. á tímabilinu en til samanburðar voru ekki keypt eigin bréf á fyrra ári.
- Handbært fé hækkaði um 3.827 m.kr. á tímabilinu, að teknu tilliti til áhrifa gengisbreytinga, og nam 6.126 m.kr. í lok tímabils, samanborið við 1.534 m.kr. í lok samanburðarárs.

Staðan og framtíðarhorfur

Fyrstu 9 mánuðir rekstrarársins hafa gengið vel og horfur í rekstri Haga eru almennt góðar. Rekstur þriðja ársfjórðungs var sterkur og umfram áætlanir stjórnenda. Sterka afkomu á fjórðungnum má rekja til góðrar afkomu hjá öllum rekstrareiningum samstæðunnar. Hjá Olís náðist góður árangur í þurrvörusölu, nýir tekjustraumar höfðu áhrif og áframhaldandi hagræðing í rekstri þjónustustöðva skilaði árangri. Eftirspurn á dagvörumarkaði á Íslandi var áfram sterk með góðri aukningu og afkomubata milli ára, bæði hjá Bónus og Hagkaup. Rekstur SMS í Færeyyjum heldur áfram að styrkjast, m.a. vegna aukinna umsvifa í tengslum við nýjan verslunarkjarna í Runavík. Af þessum ástæðum, og vegna góðrar jólavertíðar Haga, hefur EBITDA afkomuspá stjórnenda verið hækkuð samhliða birtingu uppgjörs 3. ársfjórðungs um 600 m.kr.

Afkomuspá stjórnenda fyrir rekstrarárið 2025/26 gerir ráð fyrir að rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) verði á bilinu 17.600-18.100 m.kr. Fjárhagsleg staða samstæðunnar er sterk og er fjármögnun tryggð. Aðgangur að skammtímafjármögnun í formi lánalína að fjárhæð 3,0 ma. kr. er tryggður en einnig hefur félagið nýtt sér skammtímafjármögnun í formi víxlaútgáfu. Útgáfa víxlanna er í samræmi við grunnlýsingu 10 ma. kr. útgáfuramma sem stjórn félagsins hefur samþykkt. Gera má ráð fyrir að félagið nýti sér áfram markaðsfjármögnun á næstu misserum.

Um Haga

Hagar er leiðandi verslunarfyrirtæki með fjölbreytta starfsemi á Íslandi, í Færeyjum og í Hollandi, einkum á dagvöru- og eldsneytismarkaði. Á Íslandi starfrækja Hagar 40 dagvöruverslanir, 22 Olís þjónustustöðvar, 45 ÓB-stöðvar, tvö vöruhús, eina framleiðslustöð, eina netverslun með matarpakka, eina birgðaverslun og eina sérvöruverslun. Kjarnastarfsemi Haga á Íslandi er á sviði dagvöru og tengdra vöruhúsa, auk eldsneytissölu. Í Færeyjum starfrækja Hagar verslunarfélagið SMS sem er leiðandi á færeyska markaðinum en SMS rekur m.a. 13 dagvöruverslanir, sjö veitingastaði og fjórar sérvöruverslanir. Í Hollandi starfrækja Hagar eina netverslun með áfengi.

Hlutfé og hluthafar

- Markaðsvirði Haga í lok tímabilsins nam 125,0 ma. kr. og lokaverð þann 30. nóvember 2025 var 113,0 kr./hlut.
- Skráð hlutfé Haga í lok tímabilsins nam 1.106 m.kr. Félagið átti 13,8 milljón eigin hluti í lok tímabils og er útistandandi hlutfé því 1.093 m.kr.
- Þann 27. maí 2025 samþykkti aðalfundur félagsins að greiddur yrði arður til hluthafa sem nemur 50,0% af hagnaði síðasta reikningsárs, án áhrifa matsbreytinga og hlutdeildarféлага, eða samtals 2.504 m.kr. Arðgreiðslan nam því 2,28 kr. á hlut útistandandi hlutafjár. Arðurinn var greiddur þann 5. júní 2025.
- Hluthafar voru 923 í byrjun tímabils og 952 í lok þess. 10 stærstu hluthafar félagsins áttu 75,5% eignarhlut í félaginu í lok þriðja ársfjórðungs.

Kynningarfundur föstudaginn 16. janúar 2026

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn á Nauthól, Nauthólsvegi 106 í Reykjavík, föstudaginn 16. janúar kl. 08:30. Þar munu Finnur Oddsson, forstjóri, og Guðrún Eva Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, kynna rekstur og afkomu félagsins ásamt því að svara fyrirspurnum.

Fundinum verður auk þess streymt og er skráning á streymið hér: <https://www.hagar.is/skraning>. Tekið verður við spurningum sem tengjast uppgjörinu á netfangið fjarfestakynning@hagar.is og verður þeim svarað eins og kostur er í lok fundar.

Kynningargögn verða aðgengileg á heimasíðu Haga, www.hagar.is, við upphaf fundar.

Fjárhagsdagatal 2025/26

Fjárhagsupplýsingar eru birtar eftir lokun markaða.

Uppgjörstímabil	Vikudagur	Birtingardagur
4F – 1. mars til 28. febrúar	Þriðjudagur	21. apríl 2026
Aðalfundur 2026	Fimmtudagur	21. maí 2026

Gögn vegna fjárfestakynningar verða aðgengileg á ensku þann 19. janúar á <https://www.hagar.is/en/>

Presentation materials will be available in English on January 19th at <https://www.hagar.is/en/>

Nánari upplýsingar veita Finnur Oddsson, forstjóri félagsins (fo@hagar.is), og Guðrún Eva Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs (geg@hagar.is), í síma 530-5500 eða tölvupósti.